

Hafnarfirði, 21. apríl 2021

Kæri nemandi og foreldrar/forráðamenn

Þetta er stutt vika hjá okkur í skólstarfinu þessa vikuna og vil ég minna á að **kennsla fellur niður í fyrsta tíma** á föstudaginn vegna dimmisjónar, kveðjustundar útskriftarefna skólans. Framundan eru svo próftími, hann hefst fimmtudaginn 6. maí en miðvikudaginn 5. maí er boðið upp á námsver í öllum tímum samkvæmt stundatöflu. Þá verða kennarar til taks í stofum sínum og aðstoða nemendur við að skipuleggja sig fyrir próf og rifja upp námsefni annarinnar.

Í dag fögnum við svo degi umhverfisins. Það gerum við m.a. með því að hlusta á ávarp umhverfisráðherra um mikilvægi umhverfisnefndar og taka þátt í stuttri könnun umhverfisnefndar. Vinsamlegast smellið á meðfylgjandi hlekk, það tekur 2-3 mínútur að svara:

[https://docs.google.com/forms/d/1eNi2gMTena\\_LX\\_yK7oEzAfjIVMnXAgJs6LKDiykiBiU/viewform?ts=605479ee&edit\\_requested=true](https://docs.google.com/forms/d/1eNi2gMTena_LX_yK7oEzAfjIVMnXAgJs6LKDiykiBiU/viewform?ts=605479ee&edit_requested=true).

Að lokum, það líður að kosningum í stjórn nemendafélagsins. Áhugasamir frambjóðendur eru beðnir um að senda aðalstjórn tilkynningu um framboð sitt á Facebook- og Instagram-síðu NFF.

Með von um að þið njótið morgundagsins og ósk um gleðilegt sumar!

Erla

---

Erla S. Ragnarsdóttir  
Skólameistari Flensborgarskóla  
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland  
[www.flensborg.is](http://www.flensborg.is)  
S: +354 565 0400/694 7594

